

Menntaskóli Borgarfjarðar  
Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir  
310 Borgarnesi  
Ísland

Vikurhvari 3 • 203 Kópavogi  
postur@mms.is • www.mms.is  
+(354) 514 7500

Kópavogi, 20.04.2018  
Tilv.: 2017-3973

Vísað er til bréfs Menntaskóla Borgarfjarðar, dagsett 1. febrúar 2018, þar sem sótt er um áframhaldandi viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi.

Samkvæmt III. kafla laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, getur mennta- og menningar- málaráðherra veitt skólamálaráðherra veitt skólum, öðrum en opinberum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010, var sett 11. maí 2010.

Menntamálastofnun hefur metið skólanámskrá og önnur framlögð gögn um starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar. Gögnin voru metin út frá lögum um framhaldsskóla, reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi og almennan hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

Á grundvelli mats á ofangreindu veitir Menntamálastofnun hér með Menntaskóla Borgarfjarðar, kt. 530606-0900, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi til þriggja ára frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenningin grundvallast á skólanámskrá Menntaskóla Borgarfjarðar, frá 2016 og tekur til kennslu námsbrauta með námslok 6 – bóknámsbrautir til stúdentsprófs, námslok 7 – aðrar brautir til stúdentsprófs, námslok 12 – nám fyrir nemendur á starfsbraut og námslok 3 framhaldsskólapróf á öðru þepi.

Með þessari viðurkenningu er staðfest að Menntaskóli Borgarfjarðar uppfyllir viðmið til þess að kenna eftirfarandi staðfestar námsbrautalýsingar:

Félagsfræðabraut (15-98-3-6), stúdent  
Framhaldsskólabraut (18-381-2-3)  
Íþróttafræðibraut (15-100-3-7), stúdent  
Náttúrufræðibraut - búfræðisvið (16-99-3-6), stúdent  
Náttúrufræðibraut (15-97-3-6), stúdent  
Opin braut (15-96-3-6), stúdent  
Starfsbraut (17-269-1-12)

Viðurkenningin byggir á því að kennsla fari fram í húsnæði skólans, Borgarbraut 54, 310 Borgarnesi, sem hefur verið tekið út og samþykkt af heilbrigðiseftirliti og slökkviliði viðkomandi sveitarfélags. Jafnframt byggir hún á því að starfsemi skólans fari fram samkvæmt þeim forsendum og skilyrðum sem rakin eru hér í framhaldi.

Skólanum ber, skv. 3. grein reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010, að senda Menntamálastofnun árlega skýrslu um starfsemina og veita henni allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi þegar þess er óskað.

Með skóla- og kennarafundi skal fara samkvæmt ákvæðum 9. og 10. gr. laga um framhaldsskóla.

Skólinn skal hafa frumkvæði að því að upplýsa Menntamálastofnun án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á.


Skólinn skal birta viðurkenningarbréf þetta ásamt skólanámskrá, verðskrá og gjaldtökureglum á vef sínum. Menntamálastofnun áskilur sér rétt til að birta viðurkenningarbréf þetta á vef sínum ásamt skólanámskrá Menntaskóla Borgarfjarðar.

Uppfylli skólinn ekki lengur skilyrði laga, nr. 92/2008, um framhaldsskóla eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim, getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Tekið skal fram að viðurkenningin felur hvorki í sér vilyrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkjissjóðs. Hún veitir nemendum skólans ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Láanasjóði íslenskra námsmanna. Skólinn ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Ósk um endurnýjun viðurkenningar þessarar þarf að berast Menntamálastofnun ásamt fullnægjandi gögnum a.m.k. þremur mánuðum áður en hún rennur út.

Virðingarfyllst,



Arnór Guðmundsson  
forstjóri